



## Greinargerð

## B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings  
Reykjavíkurborgar janúar-september 2022

## Efnisyfirlit

---

B-hluti .....	2
Faxaflóahafnir .....	2
Félagsbústaðir .....	8
Orkuveita Reykjavíkur .....	13
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. ....	19
SORPA bs. ....	23
Strætó.....	28
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki .....	33

## B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjors Reykjavíkurborgar.


Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

### Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.013	3.255	758	23,3%	3.123	889	28,5%
Rekstrargjöld	-2.961	-3.055	94	-3,1%	-2.417	-544	22,5%
<b>EBITDA</b>	<b>1.764</b>	<b>912</b>	<b>852</b>	<b>93,5%</b>	<b>1.378</b>	<b>386</b>	<b>28,0%</b>
<b>EBIT</b>	<b>1.052</b>	<b>199</b>	<b>852</b>	<b>427,3%</b>	<b>707</b>	<b>345</b>	<b>48,8%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	12	2	0	0,5%	6	6	89,4%
Óreglulegir liðir (tekjur)	2.067	0	2.067		5	2.062	
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>3.131</b>	<b>201</b>	<b>2.930</b>	<b>1456%</b>	<b>718</b>	<b>2.413</b>	<b>336,1%</b>


### Rekstrarniðurstaða

Hagnaður fyrstu 9 mánuði ársins 2022 nam 3.131 m.kr. sem má að mestu leyti rekja til sölu á Hafnarhúsinu en það var afhent Reykjavíkurborg þann 1. júlí síðastliðinn. Hagnaður tímabilsins án óreglulegra liða var 1.052 m.kr. sem er töluvert betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var hagnaður 707 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2021. Hagnaður fyrir afskriftir nam 1.764 m.kr. en á sama tíma árið áður nam hann 1.378 m.kr.



### Rekstrartekjur

Fyrstu 9 mánuði ársins námu voru rekstrartekjur samtals 4.013 m.kr. eða voru 758 m.kr. yfir áætlun en árið áður voru tekjur 3.123 m.kr fyrir sama tímabil. Allir tekjuliðir hækkuðu miðað við sama tíma í fyrra. Fjárhagsáætlun gerði ekki ráð fyrir þeirri miklu aukningu í komu farþegaskipa sem varð árið 2022 en varlega var farið í að meta aukningu á milli árunna. Vörugjöld voru aðeins yfir áætlun og aflagjöld nokkuð yfir áætlun sem að stærstum hluta orsakast af herra aflaverðmæti en undafarin ár. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu voru talsvert yfir áætlun þar sem skip sem koma til hafnar eru bæði fleiri og stærri en áður auk aukningar í komum skemmtiferðaskipa.



Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Vörugjöld	1.167	1.143	24	2,1%	1.124	42	3,8%
Aflagjöld	202	127	75	58,8%	127	75	59,6%
Skipagjöld	627	457	171	37,4%	376	251	66,6%
Eignatekjur	859	826	33	4,0%	806	53	6,6%
Hafnarþjónusta	788	432	357	82,6%	438	351	80,1%
Siglingavernd	369	269	99	36,9%	252	117	46,4%
Aðrar tekjur *	0	0	0		0	0	0,0%
	<b>4.013</b>	<b>3.255</b>	<b>758</b>	<b>23,3%</b>	<b>3.123</b>	<b>889</b>	<b>28,5%</b>

\* Aðrar tekjur ekki teknar með þar sem sala á Hafnarhúsinu skykkir samanburð

### Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 1.416 m.kr. í tekjur, sem var um 35% heildartekna, en gert var samanlagt ráð fyrir 888 m.kr. og voru þessir liðir 527 m.kr. umfram áætlun. Á tímabilinu jókst umferð skipa miðað við fyrra ár og að auki voru tonnastærðir þeirra meiri. Færslur voru einnig tíðari innan hafnar en undanfarin ár.

### Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum mynda stofn eignatekna sem voru aðeins yfir áætlun sem má skýra með meiri hækkun á byggingavísitölu en gert var ráð fyrir. Flestar eignir eru í langtímaútleigu.

### Tekjur flokkaðar eftir hafnasvæðum

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnarsvæðum má sjá að Sundahöfn var sem fyrr tekjuhæsta hafnarsvæðið, en Sundahöfn er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.

Skipting rekstrartekna						
Skipting rekstrartekna 2022 09 (m.kr.)	Gamla höfnin	Sundahöfn	Grundartangi	Akranes	Önnur svæði	Alls
Vörugjöld	127	885	140	15		1.167
Aflagjöld	107	49		47		202
Skipagjöld	116	391	49	10	3	570
Farþegagjald	29	29				57
Eignatekjur	309	521	25	4		859
Hafnarþjónusta	144	489	96	16	43	788
Siglingavernd	22	309	32	4	2	369
<b>Samtals:</b>	<b>853</b>	<b>2.673</b>	<b>343</b>	<b>96</b>	<b>48</b>	<b>4.013</b>

Tekjur af farþegagjöldum sem datt niður í að vera nánast ekkert á síðasta ári vegna Covid faraldursins er komið á svipaðan stað og áður.

Eignatekjur voru hæstar í Sundahöfn og aflagjöld hæst í Gömlu höfninni, enda meginhlutanum af bolfiski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni voru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði.


## Rekstrargjöld

Fyrstu 9 mánuði ársins 2022 voru rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. 2.961 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 3.055 m.kr. Á sama tímabili árið áður voru rekstrargjöld 2.417 m.kr. og hækkuðu um 22% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára.

Rekstrargjöld eru almennt aðeins undir áætlun. Rekstrarafgangur tímabilsins er hærri en áætlun gerði ráð fyrir en tekjur eru yfir áætlun en gjöld lítillega undir áætlun.

í m.kr.

### Skipting rekstrargjalda eftir starfspáttum



Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Hafnavirki	503	541	-38	-7,1%	374	128	34,3%
Eignagjöld	403	451	-49	-10,8%	289	448	154,9%
Hafnarþjónusta	737	711	26	3,7%	578	-203	-35,1%
Skrifstofu- og stjórnunark.	375	394	-19	-4,8%	320	-89	-27,9%
Siglingavernd	231	246	-15	-6,2%	185	46	24,8%
Afskriftir	713	712	0	0,0%	671	41	6,1%
<b>Samtals:</b>	<b>2.961</b>	<b>3.055</b>	<b>-94</b>	<b>-3,1%</b>	<b>2.417</b>	<b>544</b>	<b>22,5%</b>

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var lítillega yfir áætlun. Áhersla hefur verið lögð á viðhaldsframkvæmdir, þar sem farið var varlega í allar framkvæmdir árið áður vegna kórónuveirunnar. Þá var hafnarþjónustan um 26 m.kr. yfir áætlun. Kostnaður við siglingavernd var 15 m.kr. undir áætlun. Almennt var rekstur undir áætlun eða í samræmi við áætlun, en afskriftir voru svipaðar og í fyrra.

## Launakostnaður

Launakostnaður hækkaði um 162 m.kr. milli ára eða 18%. Faxaflóahafnir sf. halda úti sólarhringsvöktum í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga og er launakostnaður fyrirtækisins einn meginútgjaldaliður þess.

Laun og launatengd gjöld (m.kr.)	2018_09	2019_09	2020_09	2021_09	2022_09	2022_Á
Bækistöð	112	123	150	151	165	156
Húseignir	18	20	20	21	22	23
Grundart hafnargæsla	30	33	37	50	53	53
Hafnsaga	127	139	148	154	204	207
Hafnarþjónusta	266	315	358	314	398	407
Hafnarstjórn	15	16	16	29	21	23
Skrifstofa	156	170	189	198	217	216
<b>Samtals:</b>	<b>724</b>	<b>816</b>	<b>918</b>	<b>917</b>	<b>1.079</b>	<b>1.085</b>

Heildarlaunakostnaður fyrstu níu mánuði ársins 2022 nam 1.079 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.085 m.kr. og var því 6 m.kr. undir áætlun. Á tímabilinu þurfti að leiðrétta laun vegna yfirvinnu og vaktarálags vaktavinnustarfsmanna. Aukið álag vegna aukningar í komu skemmtiferðaskipa og vinnutímastytting hafði í för með sér aukinn launakostnað sem reynt hefur verið að bregðast við með breytingum á vaktafyrirkomulagi hafnarþjónustunnar. Bætt hefur verið við mannskap, bæði föstum starfsmönnum í vaktavinnu

Stöðugildi	2018	2019	2020	2021	2022
Hafnarþjónusta	33	33	31	31	35
Bækistöð	11	12	13	13	13
Tæknideild	4	4	4	4	4
Skrifstofa	12	12	14	14	13
Húseignir	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	5	5	5	5	5
<b>Samtals:</b>	<b>67</b>	<b>68</b>	<b>69</b>	<b>69</b>	<b>72</b>

hafnarþjónustunnar og einnig afleysingamönnum. Nokkuð hefur verið um tvöföld laun þ.e nýir starfsmenn hafa verið ráðnir til að leysa af eldri starfsmenn og viðvera þeirra hefur skarast um nokkra mánuði í 5-6 tilvikum.

## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld


Tekjur af fjármagnsliðum námu um 11,7 m.kr. Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 1.052 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða 3.131 m.kr. og er þar innifalin sala á Hafnarhúsinu.

## Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 18.353 m.kr. og hafa hækkað á tímabilinu. Þar af námu fastafjármunir 13.732 m.kr. og veltufjármunir 4.621 m.kr. Heildarskuldir námu 364 m.kr. og langtímaskuldir voru engar. Eigið fé nam 17.990 m.kr.

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2022	30.9.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	13.732	13.834	-102	-0,7%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.449	506	944	186,6%
Handbært fé	3.171	1.688	1.483	87,8%
Eignir samtals	18.353	16.028	2.325	14,5%
Eigið fé	17.990	15.491	2.498	16,1%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	364	537	-173	-32,2%
Skuldir samtals	364	537	-173	-32,2%
Skuldir og eigið fé samtals	18.353	16.028	2.325	14,5%


## Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri var 1.780 m.kr. Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir, sem eru vegna framkvæmda á tímabilinu voru 777 m.kr.

Greiðsla barst vegna sölu á Hafnarhúsinu 1.100 m.kr. og eru útistandandi 985 m.kr. vegna sölunnar.

Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Arður 766 m.kr. var greiddur út á tímabilinu.



## Fjárfestingarhreyfingar

Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnarsvæðum						
(í m.kr.)	2018	2019_06	2020	2021_09	2022_09	2022_Á
Gamla höfnin	203	198	468	58	201	595
Sundahöfn	837	818	284	48	214	565
Grundartangi	135	27	56	8	16	220
Akranes	1	8	6	12	293	415
Borgarnes	0	0	0	16	0	0
Annað	12	835	1.118	18	54	95
<b>Samtals:</b>	<b>1.188</b>	<b>1.886</b>	<b>1.932</b>	<b>160</b>	<b>777</b>	<b>1.890</b>

Fjárfestingar námu um 777 mkr. fyrstu níu mánuði ársins en áætlað er að fjárfestingar ársins verði 1.890 mkr. Stærstu verkefni á fyrri hluta árs voru nýr hjólastígur á Fiskislóð, endurnýjun verbúðarbryggju í Gömlu höfninni, lagnir og rafbúnaður á Faxagarði, hönnun og kaup á búnaði fyrir farþegaaðstöðu á Skarfabakka, vinna við þróunaráætlun Gömlu hafnarinnar og jarðvinna á Grundartanga í tengslum við hækkun á farmsvæðum og lóðagerð.

Á seinni hluta ársins er svo reiknað með fjármagni í innkaup á landtengibúnaði á Faxagarði auk uppsetningar á aðaldreifingu. Von er á stálþili fyrir lengingu Aðalhafnargarðs á Akranesi á haustmánuðum auk þess sem vonast er til að framkvæmdir við bakkann geti farið af stað á árinu. Verið er að undirbúa að koma fyrir nýrri hafnarvog á Grandabryggju og aðstöðu fyrir starfsfólk í Bakkaskemmunni og er reiknað með að það klárast á þessu ári.

Áætlað er að fara í frekari rannsóknir á menguðu efni í Sundahöfn á árinu og gera um leið klapparrannsóknir á því svæði sem fyrirhugað er að fara í bakkaframkvæmdir og landfyllingar á næstu árum. Í undirbúningi er fyrsti áfangi í endurnýjun lýsingar á svæðum Faxaflóahafna yfir í LED og er stefnt að því að fyrstu svæðin komi til framkvæmda á þessu ári. Áframhald verður á jarðvegsframkvæmdum, hækkun farmsvæða og lóðagerð á Grundartanga á seinni hluta ársins.

Á þriðja ársfjórðungi voru greidd stálinnkaup fyrir lengingu Aðalhafnargarðs á Akranesi auk þess sem fyrsti hluti af greiðslu rafbúnaðar á Faxagarði var greiddur. Bygging Verbúðarbryggju hélt áfram, undirbúningur nýrrar vigtar var í fullum gangi og lokið var við malbikun ársins.

Rauntölur fyrir fjárfestingar fyrir níu mánuði eru undir fjárhagsáætlun. Það má skýra að hluta til með því að einhverjum verkefnum hefur verið slegið á frest vegna breyttra forsendna og hætt við önnur. Sem dæmi má nefna að tímalína við þróun Sundahafnar hefur breyst, bæði vegna óvissu um Sundabraut og einnig vegna endurskoðunar á þörfum og forsendum. Stórt verkefni sem ekki var hægt að fara í, var hækkun á sjóvarnargarði í Örfirisey og stafar það af vöntun á grjóti sem þarf í verkið. Vonast er til að hægt verði að fara í það verk á næsta ári.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir tímabilin janúar-september árin 2018-2022:

Faxaflóahafnir	2018_09	2019_09	2020_09	2021_09	2022_09
Eiginfjárlutfall	90,4%	92,2%	93,1%	96,7%	98,0%
Arðsemi eigin fjár*	8,2%	8,1%	-0,6%	6,4%	9,1%
Veltufjárlutfall	3,97	5,16	2,94	4,07	12,71
Langtímaskuldir/eigið fé	5,1%	4,4%	4,0%	0,0%	0,0%
Uppgreiðslutími	0,4	0,4	0,7	0,0	0,0
Heildarskuldir/rekstrartekjum	37,7%	29,1%	33,0%	12,9%	6,8%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	47,6%	45,5%	27,8%	44,2%	44,0%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	47,9%	44,5%	25,0%	44,1%	44,0%

\* Við útreikning þessarar kennitölu eru óreglulegar tekjur dregnar frá.

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna uppgjör reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.032	2.459	573	23%	2.360	672	28%
Rekstrargjöld	-2.237	-2.308	71	-3%	-1.826	-411	23%
<b>EBITDA</b>	<b>1.333</b>	<b>689</b>	<b>644</b>	<b>93%</b>	<b>1.041</b>	<b>292</b>	<b>28%</b>
<b>EBIT</b>	<b>795</b>	<b>151</b>	<b>644</b>	<b>427%</b>	<b>534</b>	<b>261</b>	<b>49%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	9	1	8	568%	5	4	89%
Óreglulegir liðir (tekjur)	1.562	0	1.562	n/a	4	1.558	n/a
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.366</b>	<b>152</b>	<b>2.214</b>	<b>1456%</b>	<b>542</b>	<b>1.823</b>	<b>336%</b>

- Rekstrarniðurstaðan var 2,9 ma.kr betri en áætlun gerði ráð fyrir, þar af um 2,1 ma.kr vegna söluhagnaðar Hafnarhúss.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 1.052 m.kr sem var 852 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir. Tekjur voru umfram áætlun sem einkum má rekja til hærri tekna af hafnarþjónustu og skipagjalda. Þá voru rekstrargjöld örlítið undir áætlun.
- Kennitölur félagsins endurspeglar styrk félagsins og að það sé búið að ná fyrri styrk eftir niðursveiflu 2020. Eiginfjárlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárlutfallið er mjög sterkt 12,7 en miðað er við að það hlutfall fari ekki undir 1.
- Engin langtímalán eru á félaginu.

## Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að móta arðgreiðslustefnu fyrir félagið.



## Félagsbústaðir

Árs- og árshlutauppgjör Félagsbústaða eru gerð samkvæmt alþjóðlegum reikningskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.225	4.213	12	0,3%	3.793	431	11,4%
Rekstrargjöld	-2.427	-2.421	-7	0,3%	-2.035	-393	19,3%
<b>EBIT</b>	<b>1.797</b>	<b>1.792</b>	<b>5</b>	<b>0,3%</b>	<b>1.759</b>	<b>38</b>	<b>2,2%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-825	-866	42	-4,8%	-819	-6	0,7%
Verðbætur	-4.245	-1.067			-1.623	-2.623	161,6%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	20.023	4.382			13.825	6.198	44,8%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>16.750</b>	<b>4.241</b>	<b>12.510</b>	<b>295,0%</b>	<b>13.143</b>	<b>3.608</b>	<b>27,5%</b>

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

### Rekstur

**Rekstrartekjur** Félagsbústaða á fyrstu 9 mánuðum 2022 námu 4.225 m.kr. og jukust um 11,4% milli ára en hækkunina má rekja til fjölgunar eigna milli ára og verðlagsbreytinga. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 7,9% á fyrstu 9 mánuðum 2022 og hefur hækkað um 9,9% sl. 12 mánuði. Aukning tekna Félagsbústaða á tímabilinu er drifin áfram af verðlagsbreytingum.


**Rekstrargjöld** voru 2.427 m.kr. eða 7 m.kr. (0,3%) undir áætlun. **Rekstur fasteigna** var 9 m.kr. (1,9%) undir áætlun, **Viðhald og framkvæmdir** voru 36 m.kr. (3,6%) yfir áætlun og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru 12 m.kr. (2,6%) yfir áætlun. Frávik frá uppfærðri áætlun í viðhaldi og framkvæmdum skýrast af auknum kostnaði í liðnum „Annað“ en um 70% af kostnaði liggur í tveimur verkefnum sem annars vegar er tryggingatjón sem verður endurkrafíð á tryggingafélag og allsherjar endurbætur sem ekki eru eignfærðar við Hringbraut 121. Framkvæmdagjöld húsfélaga eru einnig um 20 m.kr. umfram áætlun, sem skýrist líklegast af því að úrræðið „Allir vinna“ sem kláraðist núna í lok ágúst. Til þess að mæta auknum kostnaði voru gerðir viðaukar við fjárhagsáætlun félagsins í maí og í ágúst þar sem áætlaðar tekjur voru auknar um 150 m.kr. og áætlaður kostnaður við viðhald og framkvæmdir var aukinn til jafns en áætlaðar fjárhæðir taka mið af uppfærðri áætlun. Til viðbótar hefur kostnaði við viðhald sameigna fjölbýlishúsa að fullu í eigu Félagsbústaða verið haldið í lágmarki.

**Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 436 m.kr. á tímabilinu eða 33 m.kr. undir áætlun en 44 m.kr. hærri en á sama tíma í fyrra. **Launakostnaður** hækkaði um 12,5% milli tímabila vegna kjarasamningsbundinna hækkana og fjölgunar stöðugilda en stöðugildi jukust um 1 milli tímabila úr 28 í 29. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** var 17 m.kr. undir áætlun og var 7 m.kr. hærri en fyrstu 9 mánuðina 2021. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** var á pari við áætlun en 4 m.kr. hærri en á sama tímabil í fyrra. Þessi liður er mjög sveiflukenndur og oftast erfitt að spá fyrir um hann.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
<b>Rekstur og viðhald eignasafns</b>							
Rekstur fasteigna	457	466	-9	-1,9%	386	71	18,4%
Viðhald og framkvæmdir	1.046	1010	36	3,6%	837	209	25,0%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	487	475	12	2,6%	419	69	16,4%
<b>Rekstur og viðhald eignasafns alls</b>	<b>1.991</b>	<b>1952</b>	<b>39</b>	<b>2,0%</b>	<b>1.642</b>	<b>349</b>	<b>21,3%</b>
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>							
Laun og launatengd gjöld	297	312	-16	-5,0%	264	33	12,5%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	102	119	-17	-14,5%	95	7	7,3%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	38	38	0	1,0%	34	4	10,6%
<b>Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls</b>	<b>436</b>	<b>469</b>	<b>-33</b>	<b>-6,9%</b>	<b>393</b>	<b>44</b>	<b>11,1%</b>
<b>Rekstrargjöld alls:</b>	<b>2.427</b>	<b>2421</b>	<b>7</b>	<b>0,3%</b>	<b>2.035</b>	<b>393</b>	<b>19,3%</b>

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Standsetningar milli leigjenda	361	375	-14	-3,7%	324	38	11,6%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrriséd viðhald)	221	229	-8	-3,3%	153	68	44,8%
Viðhald sameigna	114	128	-13	-10,3%	123	-8	-6,8%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	290	271	20	7,4%	237	53	22,4%
Annað	59	8	51	612,5%	0	59	-
<b>Viðhald og framkvæmdir alls:</b>	<b>1.046</b>	<b>1010</b>	<b>36</b>	<b>3,6%</b>	<b>837</b>	<b>209</b>	<b>25,0%</b>

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%) er 42,5% eða á pari við áætlun.



## Efnahagur og eignasafn


Efnahagur (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	148.398	124.086	24.312	19,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	468	771	-303	-39,3%
Handbært fé	257	1.590	-1.333	-83,9%
<b>Eignir samtals</b>	<b>149.122</b>	<b>126.447</b>	<b>22.675</b>	<b>17,9%</b>
Eigið fé	84.061	67.311	16.750	24,9%
Skuldbindingar	8.665	5.956	2.709	45,5%
Langtímaskuldir	54.393	51.263	3.130	6,1%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.357	1.197	160	13,4%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	646	720	-75	-10,3%
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>65.061</b>	<b>59.136</b>	<b>5.925</b>	<b>10,0%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>149.122</b>	<b>126.447</b>	<b>22.675</b>	<b>17,9%</b>

Heildareignir félagsins námu 149.122 m.kr. við lok september 2022 og jukust um 17,9% frá upphafi árs. Fjárfestingaeignir jukust um 19,6% eða 24.312 m.kr., fjárfest var fyrir 2.758 m.kr. og matsbreyting nam 21.555 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærsluþörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Niðurfærslan var metin 2.527 m.kr. í lok september 2022.


Eigið fé hefur hækkað um rúmlega 16.750 m.kr. frá ársbyrjun 2022 sem skýrist af matsbreytingu eigna. Eiginfjárlutfall í lok tímabils er 56,4% en var 53,2% í lok árs 2021.

Félagsbústaðir festu kaup á 45 nýjum íbúðum á fyrstu 9 mánuðum 2022 en það er 3 íbúðum færra en áætlað var, 2 íbúðir og 3 bílskúrar voru seldir á tímabilinu. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki í takti við fjölgun íbúða í Reykjavík þannig að hlutdeild félagslegs leiguhúsnæðis sé 5% ásamt því að fjölga íbúðakjörnum fyrir fatlað fólk um 20, sem þýðir 120 íbúðir, til loka árs 2028.

### Leiguhúsnæði, 3.033 íbúðir skipting:




### Sjóðstreymi



Engar lántökur voru á fyrstu 9 mánuðum ársins 2022 en félagið fékk greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 1.161 m.kr.

### Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:




Veltufé frá rekstri<sup>1</sup> sem hlutfall af afborgunum hefur haldist stöðugt yfir 1 á fyrri helming árs frá árinu 2019. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

<sup>1</sup> Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

## Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Fjárfestingar Félagsbústaða eru fjármagnaðar með lántöku og stofnframlögum. Félagið hefur ekki tekið nein lán árið 2022 en það hefur fjármagnað sig með stofnframlögum og handbæru fé sem tilkomið var vegna lántöku fyrra árs.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða tímabilin janúar-september árin 2018-2022 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2018_09	2019_09	2020_09	2021_09	2022_09	Markmið
Eiginfjárlutfall	50,9%	51,0%	48,7%	52,7%	56,4%	
Veltufjárlutfall	0,46	0,09	1,17	0,64	0,36	
Vaxtaþekja, EBIT/netto vextir	1,51	1,77	1,92	2,30	2,31	1,4
Skuldaþekja, EBIT/(gr. afb.+netto vextir)	0,98	1,16	1,05	1,04	1,07	0,9
Uppgreiðslutími	59,9	40,3	48,0	37,2	40,5	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	1,50	1,13	1,25	1,25	1,14	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	15,5%	22,4%	21,6%	26,8%	24,5%	

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:


- Jákvæð rekstrarniðurstaða félagsins á fyrstu 9 mánuðum 2022 og aukning eigin fjár má rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Matsbreytingar fjárfestingaeigna á tímabilinu námu 20 ma.kr. samanborið við 13,8 ma.kr. á sama tíma í fyrra og 2,5 ma.kr. fyrstu 9 mánuði ársins 2020.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2022 og hins vegar er miðað við 12,3% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til september. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgir þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafnsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem hækkaði um 2,2% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 11,4% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 19,3%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysliverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Veltufé frá rekstri nam 1.810 m.kr. fyrstu 9 mánuði ársins 2022 sem er nokkru hærra en afborganir lána sem voru 904 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 10,9% milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 2,31 en skuldaþekja lækkaði í 1,07 fyrstu 9 mánuði 2022 (2,30 og 1,04 á sama tíma 2021) og eru yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Engar lántökur voru á fyrri helming ársins. Stofnframlög frá ríki og borg á tímabilinu námu samtals 1.161 m.kr. Útstandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríki stóð í 162 m.kr. í lok september 2022.

**Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:**

- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.

Rekstur (m.kr.)	Raun 2022 F3	Raun 2021 F3	Breyting	%
Rekstrartekjur	41.050	37.663	3.387	9,0%
Rekstrargjöld	-15.516	-13.339	-2.177	16,3%
<b>EBITDA</b>	<b>25.533</b>	<b>24.324</b>	<b>1.209</b>	<b>5,0%</b>
Afskriftir	-10.449	-9.966	-483	4,8%
<b>EBIT</b>	<b>15.084</b>	<b>14.358</b>	<b>726</b>	<b>5,1%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-9.791	1.210	-11.001	-909,2%
Tekjuskattur	-550	-4.651	4.101	-88,2%
<b>Hagnaður e. skatta</b>	<b>4.744</b>	<b>10.917</b>	<b>-6.173</b>	<b>-56,5%</b>


**Rekstrarniðurstaða tímabilsins** var jákvæð um 4.744 m.kr. sem er lækkun um 6.173 m.kr. á milli ára. Meginskýring á lækkun afkomu er vegna breytinga á gangvirði innbyggðra afleiða sem var jákvæð um 7.864 m.kr. á fyrstu níu mánuðum 2021 en er nú neikvæð um 2.401 m.kr. Áfallnar verðbætur eru 6.604 m.kr. en voru á sama tímabili í fyrra 2.684 m.kr. Tekjur hækka um 3.387 m.kr. milli ára þar sem hækkan álverðs vegur mest. Rekstrarkostnaður hækkar um 2.177 m.kr. milli ára sem má rekja að mestu til aukningar á viðhaldi veitukerfa og aukningar á orkukaupum og flutningi.



**Rekstrartekjur** hækkuðu um 3.387 m.kr. eða 9,0% milli tímabila, samanborið við 7,9% verðbólgu á sama tíma. Tekjuaukning skýrist einkum af auknum tekjum í sölu raforku sem tengd er álverði og gjaldskrárhækkunum, sem þó voru nokkuð undir verðlagsþróun á sama tímabili.


Tekjur eftir starfspáttum (m.kr.)	Raun 2022 F3	Raun 2021 F3	Mism.	%
Veitukerfi	24.530	23.183	1.347	5,8%
Orkusala og framleiðsla	13.534	11.835	1.699	14,4%
Önnur starfsemi	2.986	2.646	340	12,8%
<b>Samtals</b>	<b>41.050</b>	<b>37.663</b>	<b>3.387</b>	<b>9,0%</b>

Tekjur skiptast á þrjá starfspætti: Veitukerfi, orkusölu og framleiðslu og aðra starfsemi. Framleiðsla og sala raforku sem og starfsemi Ljósleiðarans falla undir samkeppnisrekstur og nema tekjur af þessum starfspáttum 39,8% af heildartekjum samstæðu OR.



**Rekstrargjöld án afskrifta** hækka um 2.177 m.kr. milli tímabila eða 16,3%. Orkukaup og flutningur hækkuðu um 710 m.kr. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 281 m.kr. Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 1.187 m.kr. sem skýrist að mestu af hærri viðhaldskostnaði veitukerfa.

Gjöld eftir starfsþáttum (m.kr.)	Raun 2022 F3	Raun 2021 F3	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	4.884	4.174	710	17,0%
Laun og launatengd gjöld	5.864	5.583	281	5,0%
Annar rekstrarkostnaður	4.769	3.582	1.187	33,1%
<b>Samtals</b>	<b>15.516</b>	<b>13.339</b>	<b>2.177</b>	<b>16,3%</b>



## Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2022 F3	Raun 2021 F3	Mism.	%
Vaxtagjöld og verðbætur	-10.490	-6.121	-4.368	71,4%
Gangvirðisbreytingar	-124	6.601	-6.725	-101,9%
Uppgjör áhættuvarnarsamninga	-1.364	-899	-465	51,7%
Gengismunur	1.859	1.394	465	33,3%
Fjármunatekjur	328	235	92	39,3%
<b>Samtals</b>	<b>-9.791</b>	<b>1.210</b>	<b>-11.001</b>	<b>-909,0%</b>

Vaxtagjöld og verðbætur hækkuðu um 4.368 m.kr. samanborið við sama tímabil 2021, þar af hækkuðu áfallnar verðbætur langtímalána um 3.920 m.kr. en önnur vaxtagjöld og verðbætur um 481 m.kr. Ábyrgðagjald til eigenda lækkaði um 33 m.kr. vegna afborgunar lána sem eru í ábyrgð eigenda.

Gangvirðisbreytingar voru neikvæðar um 124 m.kr. samanborið við að vera jákvæðar um 6.601 m.kr. sama tímabili 2021. Breytingin skýrist fyrst og fremst af lækku á álverði sem hefur neikvæð áhrif á virði innbyggðrar afleiðu en jákvæð áhrif á áhættuvarnarsamninga.

## Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	390.006	373.279	16.727	4,5%
Veltufjármunir án handb.fjár	14.195	15.626	-1.431	-9,2%
Handbært fé, b. innlán og markaðsv.br.	21.461	24.977	-3.516	-14,1%
<b>Eignir samtals</b>	<b>425.663</b>	<b>413.882</b>	<b>11.781</b>	<b>2,8%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>220.977</b>	<b>213.653</b>	<b>7.324</b>	<b>3,4%</b>
Langtímaskuldir	174.249	171.160	3.089	1,8%
Næsta árs afborganir skt. skulda	18.428	15.188	3.240	21,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	12.009	13.881	-1.872	-13,5%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>204.686</b>	<b>200.229</b>	<b>4.457</b>	<b>2,2%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>425.663</b>	<b>413.882</b>	<b>11.781</b>	<b>2,8%</b>

Heildareignir félagsins voru 425,7 ma.kr. í lok september 2022 og hafa hækkað um 11,8 ma.kr. á árinu. Fjárfest var fyrir 14,9 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna nam 10,4 ma.kr. Þýðingarmunur vegna eigna félaga í samstæðunni með starfrækslugjaldmiðil í erlendri mynt nam 11 ma.kr. vegna veikingar íslensku krónunnar. Leigueignir í lok september námu 2,1 ma.kr., á móti var færð leiguskuld, samtals 2,0 ma.kr.

Veltufjármunir námu samtals 35,7 ma.kr. og lækkuðu um 4,9 ma.kr. frá áramótum.

Heildarskuldir félagsins voru 204,7 ma.kr. í lok tímabils og hækkuðu um 4,5 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hafa hækkað um 3,1 ma.kr. Heildarafborganir lána námu 9,9 ma.kr. og lántökur námu 7,1 m.kr., áfallnar verðbætur tímabilsins námu 6,6 ma.kr. Nettóskuldir voru 150,5 ma.kr. í lok tímabils sem er 9,8 ma.kr. hækkun frá árslokum 2021.


Vaxtaberandi skuldir (m.kr.)	2022 F3
Vaxtaberandi skuldir 1.1.	165.047
Hreyfingar með greiðsluáhrif	
Ný lántaka	7.059
Afborganir	-9.922
Hreyfingar án greiðsluáhrifa	
Gengismunur	2.437
Verðbætur	6.717
<b>Samtals 30.9</b>	<b>171.338</b>

Langtímaskuldir (m.kr.)	Raun 2022 F3	2021	Mism.	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	105.127	100.360	4.767	4,7%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	66.211	64.687	1.524	2,4%
<b>Samtals</b>	<b>171.338</b>	<b>165.047</b>	<b>6.291</b>	<b>3,8%</b>



**Sjóðstreymisýfirlit** gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Myndin hér fyrir neðan sýnir breytinguna með súluriti þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Bláa súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2022 og sú sem er lengst til hægri í lok tímabils 30. september 2022.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf þann 30. september 2022 voru 14,0 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



## Eignabreytingar 2022

Fjárfesting **Veitna** nam 8,6 ma.kr. á tímabilinu.

- Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar vegna endurnýjunar á flutningsæð hitaveitu frá Deildartunguhver að Akranesi, heimlögnum, mælakaup og færsla á lögnum vegna breikkunar á Vesturlandsvegi um Kjalarnes.
- Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í heimæðum, færsla lagna vegna breikkunar á Vesturlandsvegi um Kjalarnes og styrkingu dreifikerfis á Akranesi.
- Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar fóðrun fráveitulagna, uppbygging á nýrri skólpdælustöð í Naustavogi og tenging á hreinsistöð í Flóahverfi á Akranesi.
- Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar lagning háspennustrengja og dreifistöðvar í Mosfellsdal, breikkun á Vesturlandsvegi um Kjalarnes og lagning heimtauga.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 2,6 ma.kr.

- Helstu verkefni Orku náttúrunnar eru borun á orkuöflunarholu á Hellisheiði, endurbætur á rafala, borun niðurrennslisholu á Nesjavöllum og háfar við Nesjavallavirkjun.

Önnur fjárfesting nam 4,5 ma.kr.

- Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og endurbygging á höfuðstöðvum OR við Bæjarháls.

## Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá tveimur matsfyrirtækjum Moody's og Fitch Ratings.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr BB+ í BBB- með stöðugum horfum í apríl 2021. OR er því komið í fjárfestingaflokk hjá Fitch.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr Ba1 stöðugar horfur í Baa3 stöðugar horfur í september 2021. OR er þannig einnig komið í fjárfestingarflokk hjá Moody's.

Stjórnendur OR settu sér það markmið í Planinu að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtækjunum og hefur því markmiði nú verið náð hjá Fitch og Moodys. Að vera í fjárfestingaflokki ætti að öðru óbreyttu að auka aðgengi að lánsfjármagni og leiða til betri kjara á áhættuvörnum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR tímabilið janúar-september árin 2018- 2022:

Orkuveita Reykjavíkur	2018 F3	2019 F3	2020 F3	2021 F3	2022 F3	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	46,8%	47,1%	47,4%	49,6%	51,9%	≥ 40%
Veltufjárlutfall án innb. afleiðu	1,1	1,1	0,9	1,4	1,2	≥ 1
Vaxtaþekja	4,3	3,7	4,1	4,1	2,4	≥ 3,5
ROCE	5,9%	4,4%	3,9%	5,0%	4,9%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	5,6	6,1	5,6	4,7	5,9	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	17,8%	16,5%	18,0%	21,1%	17,1%	≥ 17%

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til styrkari stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.


Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaði síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfurámi fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfamarkaði, vottunaraðilinn CICERO gaf rammanum og umgjörðinni dökkgrænan stimpil. Útgáfa grænna skuldabréfa eru nýtt til að fjármagna umhverfisvæn fjárfestingaverkefni OR samstæðunnar.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins nam fjármögnun alls 7.059 m.kr. Útgáfa í nýjum óverðtryggðum flokki OR180242 GB nam alls 1.500 m.kr. að nafnvirði og þá nam útgáfa Ljósleiðarans í flokknum GR 010641 alls 2.100 m.kr. að nafnvirði. Einnig hefur verið dregið á síðasta ádrátt frá Norræna fjárfestingabankanum 3.467 m.kr.

Á fyrstu 9 mánuðum ársins hefur verið mikið flökt á álverði. Þannig hækkaði álverð yfir 3.600 USD/tonn fram til loka 1. ársfjórðungs en hefur á 2. ársfjórðungi lækkað og sveiflast nú í kringum 2.400 USD/tonn. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Gjaldfærsla vegna breytinga á virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga nam 2.401 m.kr. á tímabilinu. Tekjufærsla vegna uppgjör og gangvirðisbreytinga áhættuvarnarsamninga nam alls 1.563 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.


## Áhættustýring

Hækkun vaxta getur falið í sér áhættu í rekstri og efnahag OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 30. september 2022.



## Álvarnarhlutföll

Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 30. september 2022.



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

	2022 F3	2021 F3	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	8.061	6.389	1.672	26,2%
Kostnaður í erlendri mynt	1.971	1.400	570	40,7%
Afborgarnir í erlendri mynt	4.380	5.366	-986	-18,4%

## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli sama tímabils í fyrra um 1.209 m.kr. eða um 5%. Hækkunina má að mestu rekja til þess að rekstrartekjur hækkuðu um 3.387 m.kr. vegna aukinnar raforkusölu sem tengd er álverði og gjaldskrárhækkana. Á móti koma að rekstrargjöld hækkuðu um 2.177 m.kr. vegna aukningar á viðhaldi veitukerfa og aukinna orkukaupa og flutnings.
- Rekstrarniðurstaðan var jákvæð uppá 4.744 m.kr. og lækkaði um 6.173 m.kr samanborið við sama tímabili í fyrra. Meginskýring á lækkun afkomu er vegna breytinga á gangvirði innbyggðra afleiða sem var jákvæð um 7.864 m.kr. á fyrstu níu mánuðum 2021 en er nú neikvæð um 2.401 m.kr. auk þess sem áfallnar verðbætur voru 6.604 m.kr. en voru á fyrstu níu mánuðum ársins í fyrra 2.684 m.kr.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um 9.791 m.kr. sem var 11.001 m.kr. breyting frá sama tímabili 2021.
- Eignir OR jukust um 11,8 ma.kr. frá áramótum eða um 3,4%. Vaxtaberandi skuldir hækkuðu úr 165 ma.kr. í 171 ma.kr. eða um 3,8%. Hækkun skulda má rekja til aukinna verðbóta og veikingar krónunnar. Eiginfjárlutfall OR hækkaði á tímabilinu í 51,9% úr 51,6% frá áramótum.
- Handbært fé frá rekstri er um 19,3 ma.kr. en lækkar frá sama tímabili 2021 um 2,6 ma.kr. Handbært fé frá rekstri er engu að síður sterkt og gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Vaxtaþekja var 2,4 sem er undir markmiði um arðgreiðsluskilyrði (3,5). Aðrar kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða.


## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 62,2% og hefur veikt um 2,4%-stig miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 65,2 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 61,0 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðsluflæði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði.

## Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.172	3.115	57	2%	3.069	103	3%
Rekstrargjöld	-3.090	-3.042	-49	2%	-2.666	-424	16%
<b>EBITDA</b>	<b>174</b>	<b>169</b>	<b>5</b>	<b>3%</b>	<b>495</b>	<b>-321</b>	<b>-65%</b>
<b>EBIT</b>	<b>81</b>	<b>73</b>	<b>8</b>	<b>11%</b>	<b>403</b>	<b>-322</b>	<b>-80%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-10	-11	0	-1%	-14	3	-24%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>71</b>	<b>63</b>	<b>8</b>	<b>13%</b>	<b>390</b>	<b>-319</b>	<b>-82%</b>


**Rekstrarniðurstaða:** Niðurstaða tímabilsins var jákvæð um 71 m.kr. en gert var ráð fyrir um 63 m.kr. jákvæðri niðurstöðu fyrir tímabilið.



### Rekstrartekjur:

Tekjur (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Framlag eigenda til rekstra	1.647	1.647	0	0%	1.486	160	11%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	52	52	0	0%	92	-41	-44%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	16	16	0	0%	15	1	5%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	1.243	1.247	-5	0%	1.176	67	6%
Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir	126	69	57	83%	214	-88	-41%
Húsaleigutekjur	89	85	4	5%	86	3	4%
	<b>3.172</b>	<b>3.115</b>	<b>57</b>	<b>2%</b>	<b>3.069</b>	<b>103</b>	<b>3%</b>

Heildartekjur fyrstu níu mánuði ársins voru um 57 m.kr. (2%) hærrí en gert var ráð fyrir í áætlun tímabilsins. Aðrar sértekjur voru um 69 m.kr. hærrí en áætlað, þar vegur þyngst endurgreiðsla á Covid kostnaði og vegna aðstoðar við bólusetningu og PCR prófun, samtals 37 m.kr. Aðrir tekjuliðir voru í takt við áætlun.




### Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Launakostnaður	2.589	2.524	65	3%	2.199	389	18%
Annar rekstrarkostnaður	409	418	-9	-2%	375	34	9%
Afskriftir	92	101	-8	-8%	92	1	1%
	<b>3.090</b>	<b>3.042</b>	<b>49</b>	<b>2%</b>	<b>2.666</b>	<b>424</b>	<b>16%</b>

Heildarrekstrarkostnaður fyrstu níu mánuði ársins var um 49 m.kr. (2%) hærrí en áætlað var.

Launakostnaður tímabilsins er 65 m.kr. (3%) hærrí en gert var ráð fyrir þar vegur þyngst; eingreiðsla til framlínustarfsmanna vegna Covid, nýtt starfsmat nýliða í varðliðinu og hærrí yfirvinnukostnaður vegna Covid veikinda starfsmanna í vaktavinnu í byrjun ársins.




## Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	%
Fastafjármunir	2.207	2.252	-45	-2,0%
Veltufjármunir án handb.fjár	119	133	-14	-10,8%
Handbært fé	863	757	105	13,9%
Eignir samtals	3.189	3.143	46	1,5%
Eigið fé	2.475	2.404	71	3,0%
Langtímaskuldir	208	200	8	4,1%
Næsta árs afborganir langt. skulda	15	14	2	12,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	490	525	-35	-6,7%
Skuldir samtals	714	739	-25	-3,4%
Skuldir og eigið fé samtals	3.189	3.143	46	1,5%

Eiginfjárlutfall SHS í lok tímabilsins var um 77,6%, en var í lok árs 2021 um 76,5%. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvar ný slökkvistöð verður staðsett, en vonir standa til að það verði gert á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.



## Sjóðstreymi:




Handbært fé í lok tímabilsins var 863 m.kr. og hefur hækkað um 105 m.kr. á tímabilinu. Fjárfestingar tímabilsins voru nettó samtals 52 m.kr., þ.e. viðhald húsnæðis á Tunguhálsi, 22 m.kr., kaup á tveimur bifreiðum fyrir varðliðið, samtals 20 m.kr og ýmis búnaður til slökkvistarfa samtals um 10 m.kr.

Í samþykktri fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að fjárfest verði í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir um 400 m.kr., þar vegur þyngst kaup á tveimur nýjum körfu/stigabílum, endurnýjun á slökkvibíl fyrir kjalarnesið og viðhald húsnæði SHS, m.a. endurnýjun á búningaaðstöðu fyrir konur í Hafnarfirði.

Útboð á körfu/stigabifreiðum er lokið, þrjár aðilar tóku þátt. Vinna við úrvinnslu tilboða er í gangi og gert er ráð fyrir að gengið verði frá kaupum á næstu vikum og bifreiðirnar afhentar fyrir lok næsta árs. Áætlaður heildarkostnaður er um 300 m.kr.

Útboð vegna breytinga á stöðinni í Hafnarfirði eru á lokametrunum og gert er rá fyrir að bjóða út á næstu vikum. Áætlaður kostnaður er um 60-70 m.kr.





## Fjöldi útkalla:

Fyrstu níu mánuðir ársins var farið í tæplega 31,6 þúsund útköll, þar af um 30,5 þúsund vegna sjúkraflutninga. Heildarfjöldi útkalla fyrstu níu mánuði ársins var sambærilegur og á sama tíma 2021. Heildarfjöldi útkalla sjúkrabíla sem verða að flutningi sjúklings voru um 24 þúsund eða tæp 80%, þetta hlutfall hefur verið í um 84% undanfarin ár. Helsta skýringin felst í fjölgun útkalla sem ekki verða af flutning, þ.e. afgreitt á staðnum hefur aukist úr því að vera í kringum 7% í um 11-12%.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúkraflutninga á næstu árum, þar sem þættir eins og íbúafjölgun og aldur landsmanna styðja þá tilgátu. Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu það sem af er 2022 er um 20% meira en á sama tíma 2021, fjölgun má helst rekja til útkalla er tengjast óveðri á fyrri hluta ársins. Undanfarin ár hefur fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu verið nokkuð stöðugur en getur þó sveiflast meira milli ára og eru ástæður þess m.a. mismargir sinueldar og óveðursútköll milli ára.

Nýr samningur við Sjúkratryggingar Íslands tók gildi 1. mars 2022. Samningurinn er til fimm ára og heimilt er að framlengja samninginn um allt að þrjú ár.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar tímabilið janúar-september árin 2018- 2022:

SHS samstæðan	2018_9	2019_9	2020_9	2021_9	2022_10
Eiginfjárhlutfall	82,4%	83,6%	77,9%	77,1%	77,6%
Arðsemi eigin fjár	18,5%	22,7%	n/a	25,6%	3,9%
Veltufjárhlutfall	3,2	3,3	1,0	1,7	1,9
Langtímaskuldir/eigið fé	9,3%	8,7%	9,7%	8,4%	8,4%
Uppgreiðslutími	0,5	0,4	9,6	0,3	0,9
Heildarskuldir/rekstrartekjum	16,8%	15,4%	19,1%	17,6%	16,9%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	15,5%	18,0%	0,7%	15,9%	5,7%
Framlegð (EBIDTA)/restrartekjur	15,0%	17,7%	0,8%	16,1%	8,4%

### Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,401% 2022 en 56,405% árið 2021:


Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.789	1.757	32	2%	1.731	58	3%
Rekstrargjöld	-1.743	-1.716	-27	2%	-1.504	-239	16%
<b>EBIDTA</b>	98	95	3	3%	279	-181	-65%
<b>EBIT</b>	46	41	5	11%	227	-182	-80%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-6	-6	0	-1%	-8	2	-24%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>40</b>	<b>35</b>	<b>5</b>	<b>13%</b>	<b>220</b>	<b>-180</b>	<b>-82%</b>

- Rekstrarniðurstaðan var 8 m.kr. betri en áætlun gerði ráð fyrir.

SORPA bs. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.398	4.516	-119	-2,6%	3.491	907	26,0%
Rekstrargjöld	-3.533	-4.059	526	-13,0%	-2.956	-577	19,5%
<b>EBITDA</b>	<b>1.164</b>	<b>752</b>	<b>412</b>	<b>54,8%</b>	<b>784</b>	<b>380</b>	<b>48,5%</b>
<b>EBIT</b>	<b>864</b>	<b>457</b>	<b>407</b>	<b>89,2%</b>	<b>535</b>	<b>329</b>	<b>61,6%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-180	-117	-64	54,6%	-95	-85	89,7%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>684</b>	<b>340</b>	<b>344</b>	<b>101,0%</b>	<b>440</b>	<b>244</b>	<b>55,5%</b>

**Rekstrarniðurstaða:** Hagnaður tímabilsins var 684 m.kr. sem var 344 m.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir eða 101%. Hagnaður sama tímabils ársins á undan var 440 m.kr. og hækkaði því um 244 m.kr. á milli tímabila eða 55,5%.

Magn sorps minnkar frá sama tímabili á árinu 2021 eða um 0,8% í Álfsnesi en magn í urðun minnkar en meira eða 25%. Hækkun gjaldskrár olli aukningu í rekstrartekjum samlagsins og voru tekjur samlagsins 907 m.kr. hærrí en árið á undan eða 26%. Tekjur voru hins vegar aðeins undir áætlun eða 2,6% lægri.



Í lok tímabilsins var veltufjárlutfall samlagsins orðið 1,32 samanborið við 1,12 í lok sama tímabils árið á undan.

Áform samlagsins um útflutning á brennanlegum úrgangi á þessu ári ganga ekki eftir vegna kærufelis á útboði og skýrir það að stóru leiti þann aukna hagnað sem orðið hefur á árinu. Útflutningi fylgir meiri kostnaður sem hafði áhrif á gjaldskrá samlagsins sem tók gildi síðustu áramót. Samlagið stefnir á að minnka urðun töluvert á þessu og næsta ári og hefja útflutning á brennanlegum úrgangi á næsta ári.

Lífrænn úrgangur er farinn að berast í auknu mæli til GAJA en vonir standa til að sérsöfnun á lífrænum úrgangi muni gera samlaginu kleift að framleiða gæða moltu. Starfshópur eigenda SORPU var stofnaður fyrir síðustu áramót og stefnt er að því að hefja sérsöfnun á lífrænum straumum við heimili á næsta ári. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðspróun metans og veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflytninga.

Magntölur jan-sept	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2021-2022
Endurvinnslustöðvar út (tonn)	42.536	41.527	45.411	41.997	36.888	-12,2%
Móttökustöð (tonn)	80.489	71.492	69.331	68.340	68.377	0,1%
Álfsnes (tonn) heild	172.734	149.702	133.772	117.331	116.355	-0,8%
Álfsnes (tonn) urðun	110.422	102.249	81.489	71.103	53.539	-24,7%

Heimsóknir jan-sept	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2021-2022
Endurvinnslustöðvar (fjöldi ökutækja)	696.292	703.715	743.194	703.809	671.083	-4,6%
Móttökustöð (fjöldi sölup)	36.617	35.163	34.889	37.486	37.618	0,4%
Álfsnes (fjöldi sölup)	10.658	11.201	10.833	10.602	10.794	1,8%

Endurvinnslustöðvar jan-sept	2018	2019	2020	2021	2022	Breyting 2021-2022
Tekjur í hliði	96.826	119.860	132.121	169.500	179.918	6,1%
Endurnýtingarhlutfall	66,5%	66,5%	66,4%	66,8%	69,8%	4,6%


Endurvinnslustöðvar eru reknar skv. þjónustusamningi samlagsins við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Tekjur þeirra eru ávallt jafnháar gjöldum og hefur rekstur þeirra því ekki áhrif á rekstrarniðurstöðu samlagsins. Umferð á endurvinnslustöðvunum minnkar aðeins á milli ára eða um 4,6%. Magn frá endurvinnslustöðvunum minnkar um 12% á milli tímabila en tekjur í hliði hækka um 6% á milli tímabila. Hlutfall þess efnis sem fer í endurvinnslu hækkar um 4,6% frá sama tímabili árið á undan.



Aðstæður á endurvinnslustöðvunum eru misgóðar þar sem magn inn á stöðvarnar hefur aukist mikið frá 2010 ásamt því að flokkum fjölgar stöðugt, plássleysi er því farið að hamlu áframhaldandi þróun stöðvanna. Kópavogsbær hefur óskað eftir að endurvinnslustöðin á Dalvegi verði lokað í september 2024 en ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvar eigi að opna aðra stöð fyrir þá íbúa sem Dalvegurinn þjónustar. Stöðin á Sævarhöfða verður lokað og ný stöð opnar á Lambhagavegi 2024 en gert er ráð fyrir að framkvæmdir á Lambhagavegi muni hefjast á árinu 2023.

**Rekstrartekjur** voru 119 m.kr. undir áætlun eða 2,6% en hækkuðu um 907 m.kr. frá árinu á undan eða um 26%.

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Gufunes	2.688	2.756	-68	-2,5%	1.635	1.053	64,4%
Álfsnes	2.038	1.724	314	18,2%	1.315	723	55,0%
EVST og Grenndarg.	1.361	1.627	-267	-16,4%	1.234	127	10,3%
Góði Hirðirinn	321	416	-94	-22,7%	301	20	6,7%
Innri viðskipti	-2.011	-2.007	-3	0,2%	-994	-1.017	102,3%
	<b>4.398</b>	<b>4.516</b>	<b>-119</b>	<b>-2,6%</b>	<b>3.491</b>	<b>907</b>	<b>26,0%</b>



**Rekstrargjöld** voru 526 m.kr. undir áætlun eða 13% en hækka um 577 m.kr. frá árinu á undan eða um 19,5%. Helsti munur frá áætlun er vegna:


Laun voru 4,9% undir áætlun eða um 68,9 m.kr. en hækkuðu um 18% frá árinu á undan. Fjöldi ársverka jókst úr 130 í 144 en þar hefur mest áhrif að SOPRA réði til sín fleiri sumarstarfsmenn en árin áður, aðallega í Góða Hirðinum og í Álfsnesi.

Móttaka, flutningur og ráðstöfun úrgangs var 8% undir áætlun eða um 246,4 m.kr. en hækkaði um 582,1 m.kr. eða 26,2% frá árinu á undan. Þessi frávik skýrast af hækkun gjaldskrár síðustu áramót en útflutningur hefur tafist.

Rekstur húsnæðis og lóðar var 36% undir áætlun eða um 176,9 m.kr. en hækkaði um 44,6 m.kr. eða 16,5% frá árinu á undan. Frágangur á urðunarstað og í kringum GAJA hefur tafist en vonir standa til að þær framkvæmdir klárast á næsta ári.

Rekstur endurvinnslustöðva gekk vel á tímabilinu og reyndust tekjur umfram gjöld 230,1 m.kr. Tekjur stöðvanna voru um 33,4 m.kr. undir áætlun eða 2,1%. Rekstrargjöld voru um 266,5 m.kr. undir áætlun eða 17% en magn hefur minnkað. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og á móti ef gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rukkuð um það sem upp á vantar.


Gjöld (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Gufunes	2.536	2.618	-82	-3,1%	1.573	963	61,2%
Álfsnes	1.326	1.405	-79	-5,6%	842	484	57,5%
EVST og Grenndarg.	1.361	1.627	-267	-16,4%	1.234	127	10,3%
Góði Hirðirinn	321	416	-94	-22,7%	301	20	6,7%
Innri viðskipti	-2.011	-2.007	-3	0,2%	-994	-1.017	102,3%
	<b>3.533</b>	<b>4.059</b>	<b>-526</b>	<b>-13,0%</b>	<b>2.956</b>	<b>577</b>	<b>19,5%</b>




## Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2021	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	7.820	7.954	-134	-2%
Veltufjármunir án handb.fjár	1.080	579	501	86%
Handbært fé	1.167	449	717	160%
Eignir samtals	10.067	8.983	1.084	12%
Eigið fé	5.681	4.996	684	14%
Skuldbindingar	465	444	21	5%
Langtímaskuldir	2.220	2.240	-20	-1%
Næsta árs afborganir langt. skulda	248	235	13	6%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.453	1.067	386	36%
Skuldir samtals	4.387	3.986	400	10%
Skuldir og eigið fé samtals	10.067	8.983	1.084	12%


## Sjóðstreymi



## Veltufé



## Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum. Fjárfestingar á tímabilinu eru að fjárhæð 162,4 mkr.

### Eignabreytingar 2022\_09

Fjárfestingar að fjárhæð 192,4 m.kr. voru í pöntum í lok árs 2021 og fengust afhentar á tímabilinu. Fjárfestingar á tímabilinu voru 162,4 m.kr. en fjárfestingaráætlun ársins er að fjárhæð 583,5 m.kr. Töf er á afhendingu véla og tækja í heiminum og við sjáum að fjárfestingar samlagsins eru að frestast um nokkra mánuði.

**Móttökustöðin í Gufunesi:** Fjárfestingar á tímabilinu voru að fjárhæð 112,3 m.kr.

**Álfsnes:** Fjárfestingar á tímabilinu voru að fjárhæð 50,1 m.kr.

## Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman kennitölur samlagsins tímabilið janúar-september árin 2018- 2022:

SORPA bs.	2018_09	2019_09	2020_09	2021_09	2022_09
Eiginfjárlutfall	72,4%	54,7%	51,4%	58,3%	56,4%
Arðsemi eigin fjár	21,4%	4,5%	0,5%	14,1%	18,3%
Veltufjárlutfall	2,37	0,92	0,48	1,12	1,32
Langtímaskuldir/eigið fé	6,6%	42,9%	57,6%	45,4%	39,1%
Uppgreiðslutími	0,4	4,8	10,3	2,6	1,7
Heildarskuldir/rekstartekjum	27,6%	80,3%	110,3%	78,5%	74,8%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstartekjum	18,0%	10,2%	7,2%	21,3%	25,0%
Framlegð (EBITDA) / rekstartekjum	18,2%	11,1%	9,4%	22,5%	26,5%

### Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjörreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt samlagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SOPRU miðað við ábyrgðarlutföll sem voru 56,401% 2022 en 56,405% árið 2021:

SORPA bs. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstartekjur	2.480	2.547	-67	-2,6%	1.969	511	26,0%
Rekstrargjöld	-1.993	-2.290	297	-13,0%	-1.667	-325	19,5%
<b>EBITDA</b>	<b>657</b>	<b>424</b>	<b>233</b>	<b>54,8%</b>	<b>442</b>	<b>214</b>	<b>48,5%</b>
<b>EBIT</b>	<b>487</b>	<b>258</b>	<b>230</b>	<b>89,2%</b>	<b>302</b>	<b>186</b>	<b>61,6%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-102	-66	-36	54,6%	-54	-48	89,7%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>386</b>	<b>192</b>	<b>194</b>	<b>101,0%</b>	<b>248</b>	<b>138</b>	<b>55,5%</b>


- Hagnaður samlagsins á tímabilinu var um 684 m.kr. sem er 344 m.kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Hagnaðurinn skýrist að mestu hluta af því að útflutningur brennanlegs úrgangs hefur tafist.
- Kennitölur samlagsins eru að breytast í rétta átt. Veltufjárlutfall er nú 1,32 miðað við 1,12 á sama tímabili árið á undan. Arðsemi eiginfjár í lok tímabilsins er 18,3% miðað við 14,1% á sama tímabili árið á undan. Uppgreiðslutími langtímalána er 1,7 ár í lok tímabilsins miðað við 2,6 ár á sama tímabili á undan.

### Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Rekstur samlagsins er farin að standa undir fjárfestingum og afborgunum langtímalána eftir mikla endurskipulagningu á árinu 2020.
- Samlagið mun hefja útflutning á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu á næsta ári og draga verulega úr urðun í Álfsnesi 2023. Unnið er að nýju eigendasamkomulagi um áframhaldandi urðun á óvirkum úrgangi eftir lok árs 2023. Tryggja þarf aðgang samlagsins að urðunarstað eftir að Álfsnes lokar í náninni framtíð og vinna vegna þess stendur yfir.
- Breytt úrgangsmeðhöndlun í átt að hringrásarhagkerfinu er dýrari en urðun því er mikilvægt að samlagið sé í stakk búið til að fjárfesta í betri meðhöndlunarfarvegum. Mikilvægt er að breytingar á gjaldskrá samlagsins endurspegli þennan vilja eigenda og samfélagsins.
- Mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennanlegs úrgangs og tryggja fjármögnun þeirra verkefna. Verkefnahópur um hátækniþrennslu á Íslandi skilaði skýrslu um málið í lok ársins 2021.
- Aukinn agi og samræmi í flokkun og meðferð strauma í öllum sveitarfélögum mun auka skilvirkni hjá samlaginu og lækka tilkostnað og minnka loftlagsáhrif. Verkefnahópur um samræmingu og sérsöfnun við heimili er nú að störfum og stefnt er að innleiðingu á næsta ári.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2023-2025. Fjárfestingar í endurvinnslustöðvum greiðist beint af sveitarfélögunum með beinum fjárfraðlögum eða lántöku. Fyrir liggur að taka þarf ákvörðun um fjármögnun nýrrar endurvinnslustöðvar að Lambhagavegi.

## Strætó

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	6.695	6.813	-118	-2%	6.450	245	4%
Rekstrargjöld	-7.292	-6.615	-677	10%	-6.359	-933	15%
<b>EBITDA</b>	<b>-597</b>	<b>198</b>	<b>-795</b>	<b>-401%</b>	<b>91</b>	<b>-688</b>	<b>-756%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-824</b>	<b>-15</b>	<b>-809</b>	<b>5529%</b>	<b>-85</b>	<b>-739</b>	<b>869%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-246	-78	-168	215%	-55	-191	350%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-1.069</b>	<b>-93</b>	<b>-991</b>	<b>1070%</b>	<b>-140</b>	<b>-930</b>	<b>666%</b>



**Rekstrarniðurstaða** fyrstu níu mánuði ársins var neikvæð um 1.069 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 93 m.kr., niðurstaðan var því um 991 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má að mestu til heimsfaraldurs á fyrsta ársfjórðungi, orkukreppu á heimsvísu, aldurs vagnflota og niðurstöðu dómsmáls vegna útboðs 2010. Snemma á árinu 2022 voru vísbendingar um að vísitölubundin hækkun á framlögum eigenda dugði ekki til að mæta uppsöfnuðum vanda og kostnaðarverðis-hækkunum sem rekja mátti til heimsfaraldurs og orkukreppu. Leitað var til eigenda sem veittu viðbótar framlag í október 2022 sem jafngilti 1,5 mánaðarframlagi eða 520,4 millj.kr.

Rekstrartekjur (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Fargjöld	1.574	1.705	-132	-8%	1.436	138	10%
Rekstrarframlög eigenda	3.123	3.123	0	0%	3.044	79	3%
Ríkisframlag	680	682	-3	0%	800	-120	-15%
Pant akstursþjónusta	1.026	1.004	22	2%	938	88	9%
Aðrar tekjur	293	299	-6	-2%	233	60	26%
	<b>6.695</b>	<b>6.813</b>	<b>-118</b>	<b>-2%</b>	<b>6.450</b>	<b>245</b>	<b>4%</b>



**Rekstrartekjur** tímabilsins voru 118 m.kr. undir áætlun eða 2% en jukust um 4% frá sama tímabili í fyrra.

**Fargjöld** fyrstu níu mánuði ársins voru 138 m.kr. hærra en tímabilið á undan en 8% undir áætlun sem skýrist af því að fyrsta ársfjórðung voru fargjöld um 100 m.kr. undir áætlun sem rekja má að mestu til heimsfaraldurs Covid-19. Frá öðrum ársfjórðungi hafa fargjaldatekjur verið í samræmi við áætlun. Ef horft er til baka yfir árin 2020 og 2021 má rekja 1,5 ma.kr. tekjutap til heimsfaraldurs á meðan reynt var eftir bestu getu að halda uppi sem bestu þjónustustigi.

**Rekstrarframlag eigenda** var innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun, þar sem framlag fyrra árs er uppreiknað miðað við nýjustu spá Hagstofu Íslands. Notast er við Strætóvísitölu, sem samanstendur af breytingu á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu. Til viðbótar leggja eigendur til sérstakt framlag vegna niðurgreiðslu á nemendafargjaldi og fargjaldi öryrkja og aldraðra sem fært er meðal fargjalda.


**Ríkisframlag** er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsamganga í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn hefur verið framlengdur til 2034 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs. Á árinu 2021 fékk Strætó sérstakan styrk vegna heimsfaraldurs að fjárhæð 120 m.kr. Að öðru leiti hafa framlög frá ríkissjóði verið nánast óbreyttar frá upphafi þrátt fyrir miklar breytingar í rekstrarkostnaði og utanaðkomandi aðstæðum.

**Tekjur Pant akstursþjónustu** jukust um 9% milli tímabila sem skýrist að stærstum hluta af auknum akstri. Til staðar er samningur milli allra sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins að undanskildum Hafnarfirði og Kópavogi varðandi framkvæmd aksturs fyrir fatlað fólk, fötluð skólabörn og eldri borgara. Sveitarfélögin greiða Strætó verktakakostnað, vegna aksturs umfram fargjöld frá notendum viðkomandi sveitarfélags.

**Aðrar tekjur** eru þóknarir Strætó af Pant akstursþjónustu, akstri á landsbyggðinni, auglýsingatekjur og aukaakstur sveitafélaga. Aðrar tekjur jukust um 26% milli tímabila sem skýrist af aukaakstri innan sveitarfélaga sem ekki er hluti af rekstrarframlagi eigenda.

**Rekstrargjöld** að meðtöldum afskriftum voru 691 m.kr. yfir áætlun og rekstrargjöldin jukust um 984 m.kr. miðað við sama tímabil 2021.

Rekstrargjöld og afskriftir (í m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Mism.	%	Raun 2021_09	Mism.	%
Laun og launatengd gjöld	2.305	2.291	14	1%	2.083	222	11%
Aðkeyptur akstur	2.716	2.519	197	8%	2.440	276	11%
Pant aksturþjónusta	1.026	1.004	22	2%	938	88	9%
Annar rekstrarkostnaður	1.245	801	444	55%	898	347	39%
Afskriftir	226	213	14	6%	176	50	29%
	<b>7.519</b>	<b>6.828</b>	<b>691</b>	<b>10%</b>	<b>6.535</b>	<b>984</b>	<b>15%</b>



**Laun og launatengd gjöld** jukust um 11% milli tímabila sem skýrist að stærstum hluta á vinnutímastyttingu sem kom til framkvæmda 1. maí 2022. Áætlaður heildarkostnaður af þessum breytingum var metin 350 m.kr.


**Aðkeyptur akstur** var 197 m.kr. yfir áætlun tímabilsins og jókst um 276 m.kr. ef miðað er við sama tímabil 2021. Hækkarir vegna aksturs verktaka má rekja að stærstum hluta til hækkana verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neyslúvísitölu.

**Pant aksturþjónusta** jókst um 88 m.kr. miðað við sama tímabil 2021, sem skýrist að mestu af auknum akstri, en akstur dróst verulega saman í heimsfaraldri.

**Annar rekstrarkostnaður** jókst um 347 m.kr. ef miðað er við sama tímabil 2021 eða 39%. Undir annan

rekstrarkostnað fellur allur kostnaður vegna aksturs strætisvagna, þar með talinn kostnaður verkstæðis og þvottastöðvar og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði Pant aksturþjónustu og farþegum Strætó. Fjárhagsstaða Strætó hefur verið erfið undanfarin ár, þar sem heimsfaraldur og orkukreppa á heimsvísu hefur haft veruleg áhrif á alla þætti rekstrar. Samhliða skerðingu á tekjum jókst kostnaður umtalsvert sem rekja má að miklu leiti til hækkana á olíu og viðhaldskostnaðar vagna. Nýtt greiðslukerfi var tekið í notkun í nóvember 2021, samhliða var farið í markaðsherferð. Tölvukostnaður jókst umtalsvert á milli tímabila, en netþrjotar brutu sér leið inn í tölvukerfi Strætó í lok árs sem hafði þó nokkurn aukakostnaði í för með sér. Einnig má rekja hækkun frá áætlun og fyrra ári til niðurstöðu dómsmáls vegna útboðs frá 2010. Gjaldfært hefur verið vegna þess 130 m.kr. að viðbættum 116 m.kr. í dráttarvexti.

**Farþegar** fyrstu níu mánuði ársins voru um 7,8 milljón en voru 6,8 milljónir tímabilið á undan, eða fjölgun um 17%. Farþegar fyrstu níu mánuði ársins náðu 88% af farþegafjölda fyrstu níu mánuðum 2019, sem var besta ár Strætó og í september voru farþegar 97% af farþegum september 2019. Myndirnar sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda fyrstu níu mánuði 2022 og 2021 og hins vegar farþegafjölda hvers mánaðar 2019 til 2022.





## Efnahagur

Eigið fé í lok tímabils var neikvætt um 226 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið -6,7%, en var 26% 31.12 2021. Samþykkt var í október 2022 að veita Strætó viðbótarframlag að fjárhæð 520 m.kr. vegna slæmrar fjárhagsstöðu, þrátt fyrir viðbótarframlag gerir útkomuspá 2022 ráð fyrir að eigið fé verði neikvætt um áramót. Varanlegir fastafjármunir námu 1.611 m.kr., nýfjárfestingar námu 54 m.kr. það er fjárfesting í áhöldum, tækjum og hugbúnaði. Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóð frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningsskilanefnd sveitarfélaganna, eftirstöðvar námu 649 m.kr. lok tímabils.

Efnahagur (m.kr.)	30.9.2022	31.12.2022	Breyting	%
Varanlegir fastafjármunir	1.611	1.783	-172	-10%
Fyrirframgr. kostn. Lsj. Brú	649	670	-21	-3%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>2.260</b>	<b>2.453</b>	<b>-193</b>	<b>-8%</b>
Birgðir	129	104	25	24%
Viðskiptakröfur	73	36	37	101%
Kröfur á tengda aðila	218	137	82	60%
Aðrar skammtímakröfur	76	65	11	17%
Handbært fé	614	466	148	32%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>1.110</b>	<b>808</b>	<b>302</b>	<b>37%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>3.370</b>	<b>3.261</b>	<b>109</b>	<b>3%</b>
<b>Eigið fé</b>	<b>-226</b>	<b>844</b>	<b>-1.069</b>	<b>-127%</b>
Langtímaskuldir	1.669	1.256	413	33%
Viðskiptaskuldir	684	622	61	10%
Næsta árs afborgun langtímalána	106	91	16	17%
Fyrirfram innheimtar tekjur	431	0	431	100%
Ýmsar skammtímaskuldir	706	448	258	57%
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.596</b>	<b>2.417</b>	<b>1.178</b>	<b>49%</b>
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>3.370</b>	<b>3.261</b>	<b>109</b>	<b>3%</b>

## Sjóðstreymi

Handbært fé frá áramótum til loka september hækkaði um 148 m.kr. Lántaka tímabilsins nam 400 m.kr. í grænu skuldabréfi sem eyrnamerkt er fjárfestingu nýrra vagna, ekki nýtanlegt til reksturs. Afborganir lána námu 56 m.kr. Innstreymi fjármagns vegna rekstrartengdra eigna og skulda skýrist að mestu að eigendur greiddu mánuð af framlagi fyrirfram.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var neikvætt um 11% á fyrstu níu mánuði ársins 2022. Vegna aukinna útgjalda og samdrætti í tekjum hefur veltufé frá rekstri dregist umtalsvert saman.

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði mál á hendur Strætó þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Í byrjun maí féll dómur í Héraðsdómi þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur að viðbættum dráttarvöxtum. Gjaldært var á þessu ári 247 m.kr. en áður hafði verið færð varúðarfærsla að fjárhæð 75 m.kr.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó tímabilið janúar-september árin 2018- 2022:

Strætó	2018_09	2019_09	2020_09	2021_09	2022_09
Eiginfjárlutfall	48,7%	46,4%	42,3%	34,0%	-6,7%
Arðsemi eigin fjár	-4,4%	-0,6%	-13,8%	-14,5%	-169,0%
Veltufjárlutfall	1,00	1,20	1,10	0,81	0,59
Langtímaskuldir/eigið fé	54,1%	57,3%	66,3%	88,5%	-739,6%
Uppgreiðslutími	6,3	3,4	22,1	11,1	n/a
Heildarskuldir/rekstrartekjum	23,6%	23,5%	25,7%	25,8%	40,3%
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	2,0%	3,5%	0,6%	1,1%	-11,3%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjum	2,2%	3,7%	0,9%	1,4%	-8,9%



## Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjorsreglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó miðað við ábyrgðarhlutföll sem voru 56,401% 2022 en 56,405% árið 2021:

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2022_09	Áætlun 2022_09	Breyting	%	Raun 2021_09	Breyting	%
Rekstrartekjur	3.776	3.843	-67	-2%	3.638	138	4%
Rekstrargjöld	-4.113	-3.731	-382	10%	-3.587	-526	15%
<b>EBITDA</b>	<b>-337</b>	<b>112</b>	<b>-449</b>	<b>-401%</b>	<b>51</b>	<b>-388</b>	<b>-756%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-464</b>	<b>-8</b>	<b>-456</b>	<b>5528%</b>	<b>-48</b>	<b>-417</b>	<b>869%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-139	-44	-95	215%	-31	-108	350%
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-603</b>	<b>-52</b>	<b>-559</b>	<b>1070%</b>	<b>-79</b>	<b>-524</b>	<b>666%</b>

- Í maí sl. féll dómur Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem Strætó var dæmt til að greiða 205 m.kr. í skaðabætur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa.

### Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Fjárhagsstaða Strætó er afar erfið um þessar mundir. Rekstrarniðurstaða er neikvæð um 1.069 m.kr. á tímabilinu sem umtalsvert lakara en áætlun gerði ráð fyrir. Eigendur veittu 520,4 m.kr. eða 1,5 mánaðar viðbótarframlag í október 2022. Eigið fé var neikvætt um 226 m.kr. í lok september og stefnir í að vera neikvætt um næstu áramót verði ekki viðsnúningur í rekstri. Eigendur hafa falið fjármálastjórum sveitarfélaganna að undirbúa tillögur um rekstur og fjármagnsskipan Strætó bs. til næstu ára til að tryggja sjálfbærni félagsins í samráði við stjórnendur fyrirtækisins.

## Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

**Byggðasamlögin**, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

**Félagsbústaðir** er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í lok september 2022 áttu Félagbústaðir 3.033 íbúðareiningar. Þar af voru 71% almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 12% þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 13% íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 2% íbúðaeiningar fyrir heimilislausa og 2% húsnæði utan kjarnastarfsemi félagsins.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurborg, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

**Malbikunarstöðin Höfði hf.** er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum þriggja fyrirtækja; Höfða, Malbikstöðvarinnar og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

**Orkuveita Reykjavíkur** er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skyld að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameiginleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

**Jafnlaunastofa sf.** er sameignarfélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti Sambandi íslenskar sveitarfélaga, stofnað í nóvember 2021. Helsta hlutverk fyrirtækisins er að veita sveitarfélögum stuðning í jafnlaunamálum með ýmis fræðslum og ráðgjöfum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

**Íþrótt- og sýningarhöllin hf.** er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

**Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs** er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

**Sorpa bs** er 59% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

**Strætó bs** er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu.

**Þjóðarleikvangur ehf.** er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

**Aflvaki** er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á tímabilinu.